

Föstudaginn 3. nóvember 1944.

Nr. 122/1943. **Valdstjórnin** (Theódór B. Lindal)

gegn

**Jóhannesi Jósefssyni** (Jón Ásbjörnsson).

Brot verðlagsákvæða.

### Dómur hæstaréttar.

Enda þótt hinar svonefndu „sandwiches“ séu taldar jafngilda tveimur brauðsneiðum með álagi, eins og kærði heldur fram, þá var hámarksverð á þeim kr. 4.00, og hefur kærði því brotið verðlagsákvæðin með því að selja þær á kr. 4.50. Að öðru leyti þykir mega fallast á ákvæði héraðsdóms um refsiverðleika athafna kærða, en sekt hans ákveðst kr. 10000.00, er afplánist 100 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði seldi á þeim tíma, sem mál þetta tekur til, skattskyldar vörur og þjónustu fyrir kr. 256164.08. Af því voru áfengisvörur seldar fyrir kr. 107366.80, en þær ber að draga frá fyrrnefndu fjárhæðinni, þar sem hann lagði ekki ólöglega á þær vörur. Eftir verður þá sala fyrir kr. 148797.28, en sú 10% álagning á sölu þessa, sem kærði hefur viðurkennt og ólögleg er, nemur kr. 13527.02. Ber að gera fjárhæð þessa upptæka til ríkissjóðs.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestist.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málfutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 1200 til hvors.

### Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jóhannes Jósefsson, greiði 10000.00 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist 100 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ólöglegur ágóði kærða, kr. 13527.02, skal upptækur ríkissjóði til eignar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestist.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanna, Theódors B. Lindals og Jóns Ásbjörnssonar, 1200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. nóvember 1943.**

Ár 1943, mánudaginn 15. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánsyni, fulltrúa sakadómarar, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2610/1943: Valdstjórnin gegn Jóhannesi Jósefssyni, sem tekið var til dóms 2. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóhannesi Jósefssyni, veitingamanni á Hótel Borg hér í bænum, fyrir brot gegn reglum frá 2. apríl 1943 um hámarksverð og hámarksálagningu á greiðasölu, sbr. lög nr. 3 13. febrúar 1943, um verðlag.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur sætt þessum kærum og refsingum:

1930  $\frac{1}{2}\%$  Sátt, 40 kr. sekt fyrir brot á fuglafriðunarlögum.

1931  $\frac{3}{11}$  Dómur lögregluréttar, 5000 króna sekt og svipting veitinga- og gistihússleyfis í 6 mánuði fyrir ólöglega áfengisölu.

1932  $\frac{9}{1}$  Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á laxveiðalögum.

1932  $\frac{6}{8}$  Kærður fyrir brot á lögum nr. 59/1913, sbr. lög nr. 59/1919. Afgreitt til sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

1933  $\frac{12}{4}$  Kærður fyrir brot á reglum um sölu Spánarvina. Upplýst, að kærði hafði fengið aukavinveitingaleyfi hjá dómsmálaráðuneytinu.

1934  $\frac{9}{4}$  Sátt, 20 kr. sekt fyrir æðarkolludráp. Byssa gerð upptæk.

1936  $\frac{4}{8}$  Kærður af bændum í Skilmanna- og Innri-Akraneshreppum fyrir ætlað brot á friðunarlögum. Málið sent sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til meðferðar.

1939  $\frac{23}{11}$  Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á lögum frá  $\frac{2}{8}$  1849.

Hinn 8. apríl s. l. gengu í gildi reglur um hámarksverð og hámarksálagningu á greiðasölu, sem auglýstar voru 2. sama mánaðar. Með bréfi dags. 8. apríl s. l. tilkynnti verðlagsstjóri kærða, að heimilt væri að taka sætagjald af gestum veitingahússins, sem næmi að degi til kr. 0.50, en að kvöldi eftir kl. 7 og á sunnudögum kr. 1.25. Reglur þessar um sætagjaldið héldust óbreyttar, þar til verðlagsstjóri tilkynnti kærða með bréfi, dags. 7. júní s. l., að sætagjaldið skyldi framvegis verða kr. 0.50, jafnt að degi og kvöldi.

Þegar bréf þetta barst veitingahúsinu, var kærði að Brúarfossi á Mýrum, en þar var hann lengst af í sumar. Yfirþjónninn fékk bréf þetta í hendur og tilkynnti hinum þjónunum strax sætagjaldsbreytinguna. Ósannað er, hvaða dag bréfið barst yfirþjóninum, en gera verður ráð fyrir, að það hafi verið mjög brátt eftir dagsetningu þess.

Með bréfum dagsettum 5. maí, 24. júní, 21. júlí og 21. ágúst s. l. hefur verðlagsstjóri kært yfir því, að kærði hafi gerzt brotlegur við reglurnar um hámarksverð og hámarksálagningu á greiðasölu. Með kærnum hafa fylgt nokkrir reikningar, sem gestir hafa fengið í veitingahúsinu yfir veitingar þær, sem þeir hafa keypt þar.

Í reikningunum kemur það fram, að veitingahúsið hefur selt ýmsar þær veitingar, sem falla undir hámarksákvæðin, hærra verði en reglurnar frá 2. apríl ákveða. Hefur kaffi og te verið selt á kr. 0.85 á mann, bjór og pilsner á kr. 1.40 flaskan, sóðavatn og coca cola á kr. 1.10 flaskan og ávaxtadrykkir á 1.10 flaskan. Glóðað brauð hefur verið selt á kr. 0.55 sneiðin og smjörkúlan með sneiðinni á kr. 0.20, smurt brauð á kr. 4.50 sneiðin í einu tilfelli og rúmlega það í öðru. Þá hefur kaffibrauð verið selt 10% hærra verði en reglurnar frá 2. apríl ákveða.

Kærði skýrir svo frá, að þetta verðlag, að undanskildu verði smurða brauðsins og smjörsins með glóðaða brauðinu, byggist á því, að hann hafi bætt við hið auglýsta hámarksverð 10% veitingaskatti. Skýrir hann svo frá 21. sept. s. l., að gistihúsið hafi frá gildistöku verðlagsákvæðanna um greiðasölu bætt 10% veitingaskatti við verð allra veitinga að undanskildum mat, og telur hann það fyllilega löglegt. Það verður þó eigi talið, að svo hafi verið, heldur hafi verðlagsákvæðin verið ákveðin þannig, að tekið hafi verið tillit til alls kostnaðar við starfsemina, þar á meðal veitingaskattsins. Álit viðskiptaráðs og verðlagsstjóra um þetta atriði er skýlaust. Telja báðir þessir aðiljar, að kærða hafi verið óheimilt að bæta veitingaskatti við hið auglýsta verð. Hefur kærði því með þessari verðlagningu brotið reglurnar frá 2. apríl um hámarksverð á greiðasölu.

Verðlagsstjóri telur kærða hafa verið óheimilt að selja smjörið með glóðaða brauðinu sérstaklega, heldur sé smjörið innifalið í hinu auglýsta hámarksverði glóðaðs brauðs. Í reglunum er ákvæðið um glóðað brauð orðað þannig: „Smurt brauð, þ. á m. glóðað, kr. 0.50 stykkið“. Af þessu orðalagi sýnist ljóst, að smjörið sé meðtalið í verðinu, hvort sem brauðið er borið fram smurt eða smjörið borið með brauðinu. Hefur kærði því með því að selja smjörið sérstaklega á kr. 0.20 með hverri glóðaðri sneið, þannig að verð hverrar sneiðar með smjörinu hefur orðið kr. 0.75, brotið reglurnar frá 2. apríl.

Tvær kærur eru um verð smurða brauðsins, önnur frá sam-

komu Cocktail-klúbbsins 10. apríl s. l., þar sem 12 sneiðar með áskurði voru seldar á kr. 54.00, og hin frá sumarfagnaði stúdenta 17. apríl, þar sem 16 sneiðar voru seldar á kr. 75.00. Kærði gerir þá grein fyrir þessari verðlagningu smurða brauðsins, að um báðar þessar samkomur, sem voru með borðhaldi, hafi verið samið við veitingahúsið áður en reglurnar um hámarksverð greiðasölu voru auglýstar, en samkvæmt bréfi verðlagsstjóra til sín, dags. 8. apríl, hafi hann sagt ekki hafa afskipti af samningum um veizlur í veitingahúsi kærða, sem þá þegar væru samningsbundnar. Upplýst er, að forráðamenn nefndra samkvæma sömdu ekki um verð smurða brauðsins við kærða. Þeir minnst þess ekki, að á verð smurðs brauðs væri minnst í viðtölum þeirra við kærða um samkvæmin, en kærði kveðst hafa sagt þeim, hvaða verð yrði á smurðu brauði í samkvæmunum, en ekki hafi komið til neinna samninga um það. Þar sem ekki var um samninga um verð smurða brauðsins að ræða í þessum tilfellum, hefur kærði brotið reglurnar frá 2. apríl með nefndri verðlagningu brauðsins.

Samkvæmt einum reikning frá veitingahúsinu, sem tekinn er upp í kæru verðlagsstjóra, hafa 9 „sandwiches“ verið seldar á kr. 40.50, eða á kr. 4.50 hver. Verðlagsstjóri telur eina „sandwich“ jafngilda einni smurðri brauðsneið með áskurði og einni án áskurðar, og ætti hið rétta verð einnar „sandwich“ því að vera kr. 2.50. Kærði telur hins vegar, að þar sem ekki hafi verið auglýst neitt hámarksverð á þessu brauði, sé verðlagning þess frjáls. „Sandwich“ er hvergi getið í reglunum frá 2. apríl s. l., og þar sem hér er um sérstaka tegund veitinga að ræða og verðlagsákvæðin verða að vera skýr og ótvíræð til þess, að almenningi sé skylt að fara eftir þeim, þykja reglurnar frá 2. apríl s. l. ekki ná til þessarar tegundar veitinga. Hefur kærði því eigi gerzt brotlegur með verðlagningu „sandwiches“.

Loks hefur í sumum þeim tilfellum, sem kært hefur verið yfir, verið ranglega tekið sætagjald af gestum veitingahússins, en eigi þykir ástæða til að rekja hvert tilfelli hér. Með þessu hafa reglurnar frá 2. apríl s. l. verið brotnar af hálfu kærða.

Fyrir brot þau gegn reglunum frá 2. apríl s. l. um hámarksverð og hámarksálagningu á greiðasölu, sem nú hefur verið lýst, ber að ákveða kærða refsingu eftir 9. gr., 2. mgr., laga nr. 3 13. febr. 1943 um verðlag. Við ákvörðun sektarinnar ber að taka tillit til hinnar miklu veitingasölu kærða og einnig þess, að eigi er unnt að ákveða, hve allur sá ólöglegi ágóði er mikill, sem kærði hefur haft af broti sínu. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 8 þúsund króna sekt til rikissjóðs, og komi 100 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hvern ólöglegan ágóða kærði hefur haft af áðurnefndum verðlagsbrotum öðru en viðbætingu 10% „veitingaskattsins“ við hið

auglýsta hámarksverð, er ógerningur að ákveða. Hins vegar liggja fyrir skýrslur kærða um veitingasölu hans mánuðina apríl til ágúst s. l. að báðum meðtöldum. Er skattskyld veitingasala hans á þessum tíma kr. 277374.08. Í aprilmánuði er hún kr. 90899.95. Verðlagsákvæðin um greiðasölu gengu í gildi frá og með 8. apríl s. l., og koma því eigi hér til álita veitingar seldar fyrir þann dag. Sé gert ráð fyrir jafnri sölu á dag, verður hin skattskylda sala í apríl, sem hér kemur til álita, kr. 69689.95. Verður því skattskyld veitingasala kærða frá og með 8. apríl s. l. til ágústloka kr. 256164.08. Af þeirri upphæð eru hin margnefndu 10% kr. 23287.68. Samkvæmt framanskráðum málavöxtum og samkvæmt 3. tölulið 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 þykir rétt að gera þessa upphæð, kr. 23287.68, upptæka ríkissjóði til handa sem ólöglegan ágóða.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hrl. Jóns Ásbjörnssonar, kr. 500.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

#### Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Jóhannes Jósefsson, greiði 8000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 100 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ólöglegur ágóði, kr. 23287.68, skal upptækur ríkissjóði til handa, og greiði kærði hann innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar sem talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. nóvember 1944.

Nr. 99/1944. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)  
gegn

**Cornelis Peiter Aland** (Eggert Claessen).

Ólögleg veiði togaraskipstjóra í landhelgi.

#### Dómur hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.